




20. nóvember 2024

Fyrirsjáanleiki í opinberum framkvæmdum gæti sparað tugi milljarða króna


Stjórnendur verktakafyrirtækja sem starfa við verklegar framkvæmdir á vegum hins opinbera, þ.e. ríkisins, sveitarfélaga, stofnana og opinberra fyrirtækja, telja að með auknum fyrirsjáanleika í opinberum framkvæmdum, minni sveiflum í umsvifum opinberra framkvæmda á milli ára og skilgreindari undirbúningstíma megi draga úr kostnaði í opinberum framkvæmdum. Kemur þetta fram í könnun sem gerð var meðal félagsmanna SI sem þátt taka í útboðum af þessu tagi.

Telur þú að eftirfarandi skili auknum kostnaði (hærrí tilboðum) í opinberum framkvæmdum:



91% stjórnenda segja að ófyrirsjáanleiki í opinberum framkvæmdum skili auknum kostnaði, þ.e. hærrí tilboðum í útboðum hins opinbera. Aðeins 3% vilja meina að svo sé ekki. Stjórnendur segja að fyrirtæki þeirra gæti boðið nær 11% lægra í opinberar framkvæmdir ef fyrirsjáanleiki væri til staðar. Þetta er umtalsvert en heildarfjárfestingar í innviðum hins opinbera eru áætlaðar 175 milljarða króna í ár. 11% lækkan á þessum kostnaði væri því 19 milljarða króna sparnaður.

Hvað telur þú að fyrirtækið þitt gæti boðið mikið lægra í opinberar framkvæmdir í % ef:



Má nefna í þessu sambandi að viðhald hins opinbera á vegakerfinu er áætlað um 13 milljarða króna í ár en þörfin er 18 milljarða króna samkvæmt Vegagerðinni. Með því að auka fyrirsjáanleika og gera áætlanir sem


standast lengra fram í tímann gæti hið opinbera, svo dæmi sé tekið, skapað svigrúm til að mæta uppsafnaðri viðhaldspörf vegakerfisins.

Að sama skapi segja 88% stjórnenda að of stuttur undirbúningstími valdi auknum kostnaði við verklegar framkvæmdir á vegum hins opinbera en 9% telja að svo sé ekki. Segja stjórnendurnir að þeir gætu boðið tæplega 10% lægra í opinberar framkvæmdir ef nægur undirbúningstími væri til staðar. Það eru tæplega 18 milljarðar króna af ofangreindri fjárfestingu hins opinbera í innviðum í ár.

Auk þessa telja 91% stjórnenda að miklar sveiflur í umsvifum opinberra framkvæmda á milli ára skili auknum kostnaði. 6% telja það ekki hafa áhrif á kostnað í útboðsverkum á vegum hins opinbera.

Heilt yfir bera stjórnendur verktakafyrirtækja lítið traust til áforma stjórnvalda um innviða- og húsnæðisuppbyggingu eða 71% þeirra. 53% stjórnenda segjast bera mjög lítið traust til fyrirheita stjórnvalda og 18% lítið. Um fjórðungur, eða 26%, bera hvorki mikið né lítið traust til fyrirheita stjórnvalda um innviða- og húsnæðisuppbyggingu en aðeins 3% bera mikið traust til stjórnvalda í þessum efnum.

Hversu mikið traust berð þú til fyrirheita stjórnvalda um innviða- og húsnæðisuppbyggingu?



Sem dæmi má nefna að á Útboðsþingi SI árið 2023 voru kynnt áform níu opinberra aðila um fyrirhuguð útboð fyrir 173 milljarða króna á því ári en í lok ársins voru þessir aðilar aðeins búnir að bjóða út verkefni fyrir 88 milljarða króna. Útboð síðasta árs voru því 84 milljörðum króna eða 49% minni en boðað var á Útboðsþingi SI í upphafi ársins. Þetta er mikill munur og undirstrikar að fyrirheit opinberra aðila um útboð ber að taka með fyrirvara. Við þetta má síðan bæta metnaðarfullum áformum í húsnæðisáætlun, samgönguáætlun, jarðgangaáætlun og samgöngusáttmála stjórnvalda sem ekki hafa gengið eftir á síðustu árum. Það er því skiljanlegt í ljósi sögunnar að stjórnendur sem starfa á opinberum útboðsmarkaði bera ekki mikið traust til áforma stjórnvalda á þessu sviði.

Könnunin var gerð af Outcome fyrir Samtök iðnaðarins meðal félagsmanna samtakanna 17.-30. október 2024. Svarhlutfallið var 30%.